Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dómsskjöl um afréttarland í Fóelluvötnum 1890-1892. Nýbýli í Lækjarbotnslandi 1865-1868

Aðfnr. 1367, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskript

úr dómsbók Kjósar- og Gullbringusýslu.

Ár 1892 hinn 12. apríl var fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu í málinu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

gegn

Guðmundi Magnússyni

uppkveðinn svolátandi

## Dómur

Með stefnu, dags. 6. maí f.á. hefur bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps höfðað mál þetta gegn hinum stefnda, Guðmundi bónda Magnússyni á Helliskoti (Elliðakoti) útaf ágreiningi um landamerki milli afrjettarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Helliskoti. Hafa stefnendur lagt fram landamerkjaskrá og eptir henni krafizt þess, að landamerkin fyrir afrjettarlandinu verði talin: „Fyrst að norðanverðu úr svokölluðu Hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland og svo eptir hraunhólum þeim, sem liggja úr hraunsnefinu beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí Átthaga- (eða Nátthaga-) vatn og svo eptir því miðju þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan Átthagann, og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni; svo úr henni neðan til við uppsprettu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar eptir árfarvegi og í aðal-Fossvalla ána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni; svo ræður sú á, sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóelluvötn allt upp fyrir norðan ás þann, er skilur Efri- og Neðri-Vötn, þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn sem liggur sunnan undir Lyklafelli; og eptir þeim farvegi austur uppí sýslumörk."

Þessari landamerkjalýsingu sinni til styrktar hafa stefnendur lagt fram hjer við rjettinn:

1. Aktin forma af vitnaleiðslu, er fram fór fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 16. sept. f. á.
2. Yfirlýsingu frá 34 mönnum í Villingaholtshreppi, dags. 16. júní f. á.
3. Eptirrit af Íslands-uppdrætti Gunnlögsens og
4. Uppdrátt yfir þrætulandið.

Stefndi aptur á móti hefir mótmælt þessari merkjalýsingu og lagt fram í rjettinum skrá yfir landamerkin, eins og hann telur þau, og eptir henni krafizt, að landamerki fyrir Elliðakotsland verði talin: „Að vestan- og norðanverðu Elliðaáin frá Heiðartagli til austurs þar til Gudduós fellur í hana og svo ósinn sem hann nær uppí Selvatn og svo Selvatnið sem það nær lengst til austurs þar sem Sel-lækurinn fellur í það; þaðan beina stefnu til suðausturs yfir heiðina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Lyklafelli, þar, sem það er hæst og svo eptir árfarinu frá Lyklafelli til austurs uppað stefnu beint frá Borgarhólunum í Vífilsfell, sem er takmark Árnessýslu. Að austanverðu: frá árfarinu til suðurs eptir nefndri stefnu beint í Vífilsfell. Að sunnanverðu: frá Vífilsfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatna-sæluhús, og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðri-Vötnin að þúfu, sem stendur í holtstanga fyrir neðan Neðri-Vötn; þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjamóti, niður hjá Hraunsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðargarð."

Þessari merkjalýsingu sinni til stuðnings hefir stefndi lagt fram hjer við rjettinn:

1. Útskript úr fógetabók Kjósar- og Gullbringusýslu.
2. Útskript úr lögreglurjettarbók sömu sýslu viðvíkjandi útmælingu Lækjarbotns.
3. Útskript úr dómabók sömu sýslu og
4. Útskript úr aukarjettarbók sömu sýslu innihaldandi áreiðargjörð er framfór h. 1. sept. 1880 um landamerki Elliðakots að sunnan, sjerstaklega að því, er snertir svokallaðan Hólshaga (eða Náttshaga) og Miðmundamýri.

Mál þetta var dæmt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 19. sept. f. á. þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Eptir að dómsmenn eru vandlega búnir að kynna sjer hið umþrætta land, er það samhuga skoðun þeirra, að úr Naustapolli ráði mörkum milli afrjettarlands Reykjavíkur og Seltirninga gagnvart Elliðakoti aðalfarvegur Lyklafellsárinnar allt að suðurenda Vatna-ássins, þar sem farvegurinn kvíslast, og úr því ræður nyðri farvegurinn þangað til hann kemur í Fossvallaá. Þessa skoðun byggir dómurinn á framburði þeirra vitna, er leidd hafa verið í máli þessu af hendi stefnanda. Umboðsmaður stefnenda hefir að vísu haldið því fram, að Lyklafellsá hafi á síðari tímum breytt farvegi sínum þar, sem hún áður hafi runnið úr Naustapolli með heiðarbrún og fyrir norðan Vatna-ás og benti, við merkjagönguna, dómsmönnum á gamlan farveg, er hann taldi svo vera, og því til sönnunar hefir 1 vitni borið, að það muni til, að árfarvegur hafi verið þar fyrir 20-30 árum síðan, en dómurinn getur eigi sjeð, að áin nokkurn tíma hafi haft þenna farveg með heiðarbrúninni, þótt eðlilegt sje, að áin í miklum vatnavöxtum renni þar einnig og verður því alls ekki neitað, enda sjest enginn slíkur farvegur á uppdrættinum. Að því er snertir merkjalýsingu stefnda á þessu svæði, þá getur dómurinn alls eigi fallizt á hana, enda hefir hann engar sannanir fært fyrir henni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar nyrðri farvegur Lyklafellsárinnar er kominn í Fossvallaá, neðar við Lækjarbotnaland, og er því eigi úr því að ráða um neitt afrjettarland að sunnanverðu. Umboðsmaður stefnenda hefir haldið því fram sem aðalkröfu, að úr því Fossvallaáin kvíslast á Fossvallaklifinu, ráði mörkum norðurkvísl hennar, sem rennur fyrir norðan svonefndan Álfhaga (eða Nátthaga) þangað til hún kemur í Nátthagavatn og ráði úr því áin ofan að Hraunsnefi, en sem varakröfu hefir hann haldið því fram, að úr því Fossvallaáin kvíslast í Fossvallaklifinu, ráði kvísl, er rennur fyrir sunnan Nátthagann, milli hans og Miðmundamýrar í Nátthagavatn. Stefndi hefur haldið því fram, að frá því áin kvíslast í Klifinu, ráði syðsta kvíslin mörkum milli Elliðakots og Lækjarbotna-lands fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjamótinu niður hjá Hraunsnefi, og síðan eptir sömu kvísl, þar til er hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðahæl. Fyrir þessum kröfum sínum hefir umboðsmaður stefnenda eigi fært neinar sannanir nema þá, að þrjú vitni hafa borið, að norður-áin frá fjalli til fjöru ráði sýslna- og hreppamörkum. Aptur á móti hefir stefndi fært sem sannanir fyrir sinni kröfu áreiðargjörð, sem fram fór hinn 1. sept. 1880 um landamerki þessi, og hafa áreiðarmennirnir þá kom-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ígt að þeirri skoðun, að merki Ellida kots-lands að sunnan sje nú syðsta kvísl Fossvallaárinnar niður að Bæjarmóli (þar er Bæjarbotnalækur kemur saman við ofannefnda kvísl) þannig, að báði Nátthagi og Elliðmundamýri sje innan Elliðakotslands.

Dómurinn fær því eigi betur sjeð, en að stefndi hafi fært gilda sönnun fyrir því, að hinn svokallaði Átthagi (eða Nátthagi) og Elliðmundamýri sje í landi Elliðakots. Dómurinn verður því hjer að taka til greina kröfu hans þannig, að syðsta kvísl Fossvalla-árinnar sje suðvesturmörk Elliðakotslands gagnvart Bæjarbotnum þangað til kemur við Hólmsland að neðan.

Þegar um kostnað til dómsforseta og meðdómenda er að ræða, þá skal það tekið fram, að þegar menn voru nefndir í dóm til að dæma um landamerki þessi, kom málspörtum saman um, að hafa merkjagöngu hinn 21. júlí þ. á. Komu dómendur því saman á þeim degi að Bæjarbotnum, en merkjaganga gat þá eigi fram farið sakir þess, að umboðsmaður stefnenda var eigi búinn að útvega sjer þau skilríki, er hann þóttist þurfa með. Að vísu hafði hann dóms-forseta nokkru fyrirfram þessi forföll sín, en hann áleit eigi, að hann ætti með að sporna við því, að meðdómsmenn kæmu saman

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þennan dag, eins og ákveðið var. Þar sem það var innanhandar fyrir umboðsmanninn að taka þegar í fyrstu nægilegan frest, allt að 18 mánuðum, virðist tilhlýðilegt, að umbjóðendur hans greiði kostnað þann, sem orðið hefur af þessu árangurslausa móti til merkjagöngu, sem er 26 krónur.
Kostnaður sá, til dómsforseta og meðdómsmanna, sem leitt hefir af merkjagöngu þeirri, sem fram fór í gær, er 46 krónur; virðist tilhlýðilegt að hann greiði málspartar, hver að helmingi. – Annar málskostnaður falli niður."
Samkvæmt þessu kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að landamerki afrjettarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Hellis-koti (Elliðakoti) eigi að vera: „Aðalfarvegur Lyklafellsárinnar úr Nautapolli allt að suður-enda Vatna-ássins, þar sem farvegurinn kvíslast; úr því ræður nyrðri farvegurinn þangað til hann kemur í Fossvalla-á. Að öðru leyti eiga málspartar að vera sýknir hver af annars kröfum og kröfum í máli þessu. Uppí kostnað til dómsforseta og meðdómsmanna greiði stefnendur, bæjarstjórn Reykjavíkur og hrepps-nefnd Seltjarnarneshrepps 49 – fjörutíu og níu-krónur, en stefndi Guðmundur bóndi Magnús-son í Elliðakoti 23 – tuttugu og þrjár – krónur, sem greiðast til dómsforseta innan 15 daga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá lögbirtingu dóms þessa.
Þessum dómi hafa stefnendur máls þessa með stefnu útg. 29. sept. f.á. áfrýjað til landsyfirrjettarins og hefur hann með dómi uppkveðnum 25. dag janúar mánaðar þ.á. dæmt dóm þenna ómerkan og vísað málinu heim aptur. Að því er ómerkingarástæður landsyfirrjettarins snertir er komist þannig að orði í dóminum: „Með dóms-atkvæði sínu, því er áður hefur greint verið, hefur merkjadómurinn dæmt undir Ellidakotsland nokkurn hluta (eða nyrðri partinn) af svokölluðum Efri-Vötnum frá Nautapolli og niður fyrir Vatna-ásinn, en þessa landspildu vildu báðir málspartar eigna sjer. Ýms velkunnug vitni hafa því borið það í málinu að Fjellsvötnin (bæði Efri- og Neðri-Vötnin) hafi um langan aldur, eða svo lengi sem þau muna til, verið talin og notuð sem afrjettarland Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, enda er það viðurkennt af stefnda, að minnsta kosti að því Reykjavík snertir, og allar líkur eru einnig fyrir því, að hreppatakmörkin (milli Seltjarnarneshrepps og Mosfellshrepps) skilji öll Fjellsvötnin frá heimalandi Ellidakots. Á móti þessu eru engar hinar minnstu líkur eða sannanir framkomnar frá hálfu hins stefnda, eigenda Ellidakots og virðist honum því samkvæmt Jónsbókar landsleigubálki 26. kap. í. f.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði þurft að færa sönnur á eignarrjett sinn að landspildunni gagnvart hjeðn eignarhaldi eða nokkurn áfrýjendanna. Merkjadómurinn verður því með þessu að álítast að hafa gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum. Auk þess er það eigi rjett af merkjadóminum, að hann hefur eigi lagt dóm á um alla hina umþrættu merkjalínu og eigi ákveðið merkin lengra upp og austur en að Nautapolli, þótt kröfur málsparta og ágreiningur tæki merkin lengra austur. Það verður af þessum sökum að ónýta hinn áfrýjaða dóm, og vísa málinu heim aptur".

Umboðsmaður stefnenda hefir haldið því fram, einnig fyrir yfirdóminum, að norðurfarvegur Lyklafellsárinnar væri úr norðurenda Vatna-ássins með heiðarbrúninni og uppí Nautapoll, enda er merkja-lýsing umbjóðenda hans byggð á því, að þar sje farvegur, en merkjadómurinn verður enn að vera á þeirri sömu skoðun og hann var, er hann í fyrra kvað upp dóm í þessu máli, að eigi sje hægt að sjá, að áin nokkurn tíma hafi haft þenna farveg með heiðarbrúninni úr norðurenda Vatna-ássins uppí Nautapoll, en ólíklegt virðist, að áin, í miklum vatnavöxtum, renni þar einnig. Þar sem landsyfirrjetturinn er á þeirri skoðun, að stefnendur hafi fært fullgilda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sönnun fyrir notkun sinni á hinum svo kölludu
Efri-Vötnum um langan aldur, en stefndi aptur
á móti hafi eigi gjört neina tilraun til að
sanna notkun sína á því eða rjett til þess;
verður samkvæmt þessum bendingum yfirdóms-
ins að álíta að stefnendur hafi fært nægilega
sönnun fyrir því, að landspilda þessi hafi ver-
ið notuð um langan aldur af stefnendum
sem afrjettarland. Landamerki milli afrjettar-
lands stefnenda og Elliðakots eiga því að vera:
Úr Nautapolli lína meðfram heiðarbrúni í
vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins,
svo því ræður norðurfarvegur Lyklafellsárinnar
þangað til hann kemur í Fossvalla-á, og er upp
frá því um ekkert afrjettarland að ræða þar. Önnur
ómerkingarástæða landsyfirrjettarins er sú, „að merkja-
dómurinn hafi eigi lagt dóm á um alla hina
umþrættu merkjalínu og eigi ákveðið merkin
lengra upp og austur, en að Nautapolli, þótt kröfur
málspartanna og ágreiningur snerti merkin
lengra austur". En dómurinn heldur því fast
fram, að þá er merkjaganga fór fram í máli
þessu hinn 18. sept. f.á., þá var landið fyrir ofan
Nautapoll eigi skoðað einmitt af þeirri ástæðu,
að báðir málspartar lýstu yfir því, að enginn
ágreiningur væri um það og lengra þyrfti eigi
að fara, og nú skal það tekið fram, að stefndi
hefir lýst yfir því í dag fyrir merkjadóminum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hann frá falli kröfu þeirri, sem hann í merkjalýsingu sinni hafi gjört til þrætulandsins fyrir ofan Nautapoll fyrir sunnan Lyklafellsá, og verður það því einnig að álítast afrjettarland stefnenda. — Umboðsmaður stefnenda hefir haldið því fram sem aðalkröfu, að úr því Fossvallaáin kvíslast á Fossvallaklifinu ráði mörkum Norður kvísl hennar, sem rennur fyrir norðan svo nefndan Átthaga (Nátthaga) þangað til hún kemur í Nátthagavatn og ráði svo úr því áin ofan að Hramsnefi, en sem vara-kröfu hefur hann haldið því fram, að úr því Fossvallaáin kvíslast á Fossvallaklifinu, ráði kvísl er rennur fyrir sunnan Nátthagann, milli hans og Miðmundamýrar, í Nátthagavatn. —

Stefndi hefur haldið því fram, að úr því áin kvíslast í Klifinu, ráði syðsta kvíslin mörkum milli Elliðakots og Lækjarbotnalands fyrir sunnan Tröllborn hjá Lækjamóti niður hjá Hramsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliða-ána við svokallað Heiðarfótt. Fyrir þessum kröfum sínum hefur umboðsmaður stefnenda eigi fært neinar sannanir nema þá, að 3 vitni hafa borið, að norðuráin frá fjalli til sjóvar rjeði sýslna- og hreppamörkum. Aptur á móti hefir stefndi fært sem sannanir fyrir sinni kröfu áreiðargjörð, sem fram fór hinn 1. september 1880 um landamerki þessi og hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áreiðarmönnunum þá komizt að þeirri skoðun, að merki Ellidakots-lands að sunnan sje syðsta kvísl Fossvalla-árinnar niður að Lækjamóti (þar er Lækjarbotnalækur, sem er saman við ofannefnda kvísl) þannig, að bæði Nátthagi og Miðmundamýri sje innan Ellidakotslands.

Dómurinn fær því eigi betur sjeð, en að stefndi hafi fært gilda sönnun fyrir því, að hinn svokallaði Átthagi (eða Nátthagi) og Miðmundamýri sje í landi Ellidakots. Dómurinn verður því hjer að taka til greina kröfu hans þannig, að syðsta kvísl Fossvallaárinnar sje suðurtakmörk Ellidakotslands gagnvart Lækjarbotnum þangað til kemur við Hólmsland að neðan.

Að því er snertir kostnað til dómsforseta og meðdómsmanna í máli þessu, þá var hann eptir hinum fyrra dómi 72 krónur; þaraf áttu stefnendur að greiða 49 krónur, en hinn stefndi 23 krónur, og virðist hæfilegt að þessi kostnaður af þar til greindum ástæðum greiðist þannig af málspörtum. Kostnaður sá, til dómsforseta og meðdómsmanna, sem hefir orðið af þessari dómsáleggingu er alls 33 kr., og virðist hæfilegt að hann greiði málspartar hvor að helmingi, eða hvor 16 kr. 50 a. — Annar málskostnaður í máli þessu falli niður

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli afrjettarlands Reykjavíkur og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seltjarnarnesshrepps gagnvart Helliskoti (Ellidakoti) eiga að vera: Frá sýslumörkum eptir árfarvegi Lykla[fells]-árinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapolli með fram heiðarbrún (Ellidakotsheiði) í vatnsfarveginum við norðurenda Vatna-ássins. Úr því rjettur norðurs[v]ísl Lyklafells-árinnar þangað til hún fellur í Fossvalla-á. — Að öðru leyti eiga málspartar að vera sýknir hvor af annars kröfum og kröfum í máli þessu. Upp í kostnað til dómsforseta og meðdómsmanna greiði stefnendur, bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps 65 kr. 50 aura — sextíu og fimm krónur og fimmtíu aura — en stefndi Guðmundur Magnússon í Ellidakoti, 39 kr. 50 a. — þrjátíu og níu krónur og fimmtíu aura, sem greiðist til dómsforseta merkjadómsins. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Franz Siemsen.

Eggert Finnsson, Jón Þórðarson, Guðni Þorbergsson,
Jón Jónsson.

Rjett eptirrit staðfestir
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur